

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Tónlist frá Portúgal

Greinagerð

Vitor Hugo Rodrigues Eugenio

kt. 161275-2479

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Kennaradeild, grunnskólakennarafræði

Apríl 2010

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Lýsing á verkefni	4
2. Kynning á námsefninu	6
3. Fræðileg umfjöllun	8
4. Lokaorð.....	11
5. Heimildaskrá.....	12

Inngangur

Greinagerð þessi er hluti af lokaverkefni mínu til B.Ed prófs í grunnskólakennarafræðum. Í henni mun ég fjalla um námsefni sem ég hef tekið saman og nefnist: „Tónlist frá Portúgal.“ Námsefninu fylgir kennarahandbók, geisladiskur og DVD diskur sem ég legg fram til lokaverkefnis.

Greinagerðin fjallar um það fyrir hverja námsefnið er ætlað, hvert markmið þess er og hvernig það var unnið. Einnig inniheldur greinagerðin fræðileg umfjöllun um kenningar sem tengjast námsefninu.

Ég hef notið góðrar aðstoðar við vinnslu á verkefninu. Vil ég þakka eftirfarandi aðilum: Helgu Rut Guðmundsdóttur, lektor, fyrir góða leiðsögn. Konunni minni Sigrúnu Eugenio Jónsdóttur fyrir aðstoð við uppsetningu á verkefninu og Ernu M. Sveinbjarnardóttur fyrir prófarkalestur. Nemendum og forráðamönnum í 4. bekk Flataskóla og Hjördísi Ástráðsdóttur tónmenntakennara Flataskóla þakka ég aðstoð við gerð kennslumyndbands fyrir stríðsdansinn. Gamla tónmenntakennara mínum, hr. Antonio Alves Alferes Pereira, þakka ég aðstoð við lagaval.

1. Lýsing á verkefni

Upphaflega var hugmyndin að gera kennsluefni um tónlist frá nokkrum mismunandi löndum, og þá þeim löndum sem flestir innflytjendur á Íslandi koma frá. Til þess að verkið yrði ekki of stórt var ákveðið að taka aðeins eitt land fyrir, Portúgal. Portúgal var fyrir valinu vegna þeirrar þekkingar sem ég hef á landinu og tónlistinni þar sem ég er ættaður frá Portúgal. Það auðveldaði alla heimildaöflun.

Í aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta, kemur fram að kennsla eigi að þjóna öllum nemendum á sem bestan hátt óháð þjóðerni eða menningarlegum bakgrunni. Að kenna um íslenska menningu og menningu frá öðrum löndum er einn grundvallarstoð þess að öllum nemendum líði vel (Menntamálaráðuneytið, 2006). Í aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, kemur fram að listgreinakennsla eigi að spila mikilvægt hlutverk hjá nemendum svo þeir fái skilning á menningunni og menningafjölbreytileika. (Menntamálaráðuneytið, 2007).

Eitt af markmiðum með þessum verkefnum er að nemendur fái innsýn í erlenda menningu og tónlist. Í aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar, kemur fram að eitt lokamarkmið í tónmennt sé að nemendur eigi að tileinka sér „þekkingu á því menningarlega samhengi sem fjölbreytt tónlist sprettur úr.“ (Menntamálaráðuneytið, 2007). Að þau þekki helstu hljóðfæri heims og að þeir geti greint og metið fjölbreytta tónlist. (Menntamálaráðuneytið, 2007). Í aðalnámskránni kemur einnig fram að áfangamarkmið í 7. bekk (miðstigi) eigi nemendur að geta m.a. tekið þátt í hreyfileikjum og dönsum frá ýmsum tímabilum og löndum. Að hafa innsýn í þjóðlagatónlist og dansa. Nemendur eiga að geta sungið erlend þjóðlög og fengið innsýn í einkenni sönglaga frá mismunandi menningasvæðum. (Menntamálaráðuneytið, 2007).

Ef portúgalskir nemendur eru til staðar í bekknum getur kynning á tónlist þeirra orðið til þess að auka skilning og meiri víðsýni meðal bekkjarfélaga og þannig dregið úr fordómum. Í rannsókn sem gerð var í Portúgal, árið 2002, í einum grunnskóla í norður Portúgal, þar sem margir nemendur koma frá Grænhöfðaeyjum. Hluti af nemendum fengu kynningu á tónlist og menningu frá báðum löndunum á meðan aðrir hópar voru eingöngu með hefðbundna kennslu. Helstu niðurstöður voru þær að hópurinn sem fékk kynningu frá báðum löndunum sýndu meiri skilning og fordómar minnkuðu. (Sousa & Neto, 2003). Í grein í Skólavörðunni í mars 2010 skrifar Ahh-Dao Tran að skólinn ætti að vera sá staður þar sem nemendur ættu í samskiptum við aðra nemendur og kennara að þjálfast í

aðlögunarhæfni, samskiptum við ólíka menningahópa og skilning þar á milli. (Anh-Dao Tran, 2010).

Einn tilgangur með verkefni sem þessu er að veita kennurum aðgang að kennsluefni með leiðbeiningum til að auðvelda þeim leiðina til að kenna tónlist frá annarri þjóð. Skortur hefur verið á kennsluefni sem þessu. Samkvæmt Campbell, hika kennarar oft við að kenna efni frá öðrum löndum vegna þess að það var ekki hluti af þjálfun þeirra (Campbell, 1992). Því má ætla að með tilkomu aðgengilegs kennsluefnis og leiðbeiningu fyrir kennara, þá gerir það kennurum auðveldara fyrir.

2. Kynning á námsefninu

Námsefnið samanstendur af kennslubók, kennarahandbók, geisladiski og DVD disk.

Kennslubókin skiptist í nokkra kafla:

- Inngangur
- Portúgölsk hljóðfæri
Hér er fjallað um ólík hljóðfæri sem tengjast Portúgal.
- Cavaquinho ferðast um heiminn
Portúgalski gítarinn Cavaquinho ferðaðist víða um heim og festi rætur í nokkrum löndum. Í þessum kafla er fjallað um það ferðalag og hvernig hann er nýttur á ólíkan hátt í ólíkum löndum. Cavaquinho er kannski betur þekkt sem Ukelele frá Havaí.
- Hljóðfæragerð
Kennt er að smíða tvö hljóðfæri (ítarlegar leiðbeiningar fylgja á DVD disk).
- Fado þjóðlagatónlist Portúgals
Farið er í hvað einkennir þjóðlagatónlistina fado og hvaðan hún upprunnin. Kynntir eru tveir frægir söngvarar og gefin tónðæmi með þeim.
- Portúgalskur stríðsdans
Fjallað er um uppruna stríðsdansins og eru ítarlegar kennsluleiðbeiningar á DVD disknum.
- Jólalög
Fjallað er um hvað er líkt og ólíkt með jólalögum Portúgals og Íslands. Jólalögin í Portúgal tengjast mjög kaþólskri trú og fjalla flest um Maríu mey, Jesúbarnið og vitringana á meðan íslensku jólalög tengjast mikið jólasveinum.

Í kennsluleiðbeiningunum eru sömu kaflar með leiðbeiningum til kennara um það hvernig er best að kynna námsefnið auk hugmynda að verkefnum. Með kennsluleiðbeiningunum fylgja upplýsingar um innhald á geisladiski og á DVD disk.

Á geisladiski eru lög sem tilheyra flestum köflunum. Fyrst koma lög með tónðæmum af hverju hljóðfæri fyrir sig. Síðan koma tónðæmi með Cavaquinho frá mismunandi löndum. Í framhaldi koma nokkur fado lög þar sem börnin eiga að reyna að para saman vísbendingar um hvað lögin fjalla og lögin sjálf. Þarna er gert ráð fyrir að þau hlusti eftir lykilordum í texta og nýti sér líka lögin hvernig þau hljóma til þess að para saman. Í lokin á geisladiskinum eru tvö lög sem hægt er að nýta sem undirspil við kennslu á stríðsdansinum. Annað er hægara og hitt á meiri hraða.

Á DVD disknum eru kennsluleiðbeiningar fyrir stríðsdansinn. Í danskennslunni aðstoðuðu nemendur í 4. bekk í Flataskóla. Á disknum eru einnig leiðbeiningar fyrir

hljóðfæragerðina auk myndbanda með þekktum fado tónlistarmönnum og myndböndum sem tengjast hljóðfærunum.

Efnisöflun fór fram með lestri á bókum í tengslum við tónlistarsögu Portúgals (Brito & Cymbron, 1992), með því að skoða myndbönd og með góðri aðstoð gamla tónmenntakennara míns frá Portúgal, hr. Antonio Alves Alferes Pereira. Hann veitti mér góða aðstoð í lagavali fyrir efnið.

3. Fræðileg umfjöllun

Eins og staðan er í dag þá eru börn frá öllum heimshornunum í grunnskólum á Íslandi. Sum eru nýkomin til Íslands með foreldrum sínum sem eru innflytjendur, önnur eiga annað foreldrið erlent og enn önnur eru fædd á Íslandi en eiga foreldra sem eru með erlendan menningarbakgrunn en hafa sjálf alist upp við íslenska menningu og geta átt í erfiðleikum með að staðsetja sig menningarlega.

Öll þessi börn eru saman fimm daga vikunnar í íslenska skólakerfinu. Skólarnir okkar hafa sem markmið að mennta þessa nemendur í hinum ýmsu fögum og undirbúa þá fyrir að taka þátt samfélaginu. Markmiðið er skýrt en hvernig það er gert á sem áhrifaríkastan hátt þegar börn frá ólíkum menningarheimum er annars vegar er ekki ljóst. Þess vegna er mikilvægt að við byggjum upp skólakerfi sem ber gagnkvæma virðingu milli íslensku nemendanna og þeirra sem eru af erlendu bergi brotnir.

Samkvæmt Campbell, þá er tónlistakennsla grunnurinn að kennslu í menningarvitund hjá nemendum. Ástæðan er sú að í tónlist er ein besta leiðin til að túlka menningu og gildi hennar. Í kennslustofu með nemendur af ólíku þjóðerni hefur kennarinn þær skyldur að kenna ólíkar menningarhefðir og gefa þannig nemendum tækifæri að upplifa ólíka menningu óháð hvaðan þau koma. Tónmenntakennsla sem tengd er mismunandi menningarhefðum aðstoðar nemendur af ólíkum uppruna að skilgreina sjálfan sig en hamlar ekki þroska þeirra. (Campbell, Musician & Teacher; An orientation to Music Education, 2008).

Allir nemendur eiga skilið að fá að þroska með sér tónlistarhæfileika sína og að fá að njóta sín í þeirri þekkingu sem þau hafa á ólíkri tónlist, sama hvaðan þau koma. En oft er menningamunur á milli nemenda og kennara. Kennurum finnst þeir oft illa í stakk búnir að takast á við reynslu og menningaheim nemenda sinna. Kennarar þurfa stöðugt að brúa bil á milli ólíkra menningaheima í kennslustofunni. Þeir þurfa að finna leiðir til að skila menningarheim barnanna og þannig verða þeir betur í stakk búnir að takast á við að mennta nemendur sína í hinum ýmsu fögum. (Campbell, Musician & Teacher; An orientation to Music Education, 2008).

Campbell segir jafnframt að kennarar spyrji sig oft af hverju þeir ættu að kenna þjóðlagatónlist frá öðrum löndum? Og svarið er einfaldlega af hverju ekki? Ef nemendur þekkja til annarra menningahópa í bekknum, tónlist þeirra og hefðir, mun það hjálpa öllum

nemendum að skilja heiminn betur. (Campbell, Cultural Consciousness in Teaching General Music, 1992). Kennsla tónlistar frá ólíkum menningarheimum getur fallið vel að kennslumarkmiðum í tónlist. (Campbell, Cultural Consciousness in Teaching General Music, 1992).

Kennarar tala oft um að þeir hafi ekki fengið þjálfun í að kenna þjóðlagatónlist frá öðrum löndum. Er þá von fyrir þá sem nú þegar eru í kennslu að bæta þekkingu sína? Kennarar verða að leita leiða með því að fylgjast með og nálgast efni sem kemur út, fara á námskeið og annað sem í boði er. (Campbell, Cultural Consciousness in Teaching General Music, 1992). Einn liður í að aðstoða kennara er að þeir sem hafa þekkingu á efni gefi það út eða deili efni með öðrum kennurum.

Í bók Sousa kemur fram „Ef þú ferð til Frakklands verður þú að læra frönsku og ef þú ferð til Ítalíu verður þú að læra ítölsku. Þetta er vegna þess að hvert land hefur sitt tungumál. En í tónlist er líklegt að hægt sé að skilja um hvað lagið fjallar bara með því að hlusta. Tónlist er alheims tungumál. Tungumál sem er svo ríkt, að það leyfir okkur að segja svo margt án þess að nota orð.“ (Sousa & Neto, 2003). Þessi lýsing á tónlist gefur til kynna hvernig hægt er að kenna tónlist sem kemur frá öðrum löndum, því tónlistin sjálf er svo rík af tilfinningum og tónlistin ein og sér segir svo margt þó ekki sé hægt að skilja texta (Sousa & Neto, 2003).

Í fjölmenningsarsamfélagi (e. cultural pluralism) getur minni hluti lifað samkvæmt sínum menningargildum samhliða menningargildum meiri hluta. Í samfélaginu lifa allir samkvæmt ákveðnum gildum, eins og sömu lög, tungumál og jafnvel sömu trúarbrögð. Í sumum tilfellum mætast þessi ólíku menningagildi. (Sousa & Neto, 2003). Dæmi um erlend menningaráhrif á Íslandi er Salsa danskennsla og Gospel tónlist sem hvort tveggja er orðið samofið íslenskri menningu með einhverjum hætti. Einnig er um blöndu ólíkra menningarheima að ræða ef kaþólikki frá Kólombíu fer í Lúterska messu eða Portúgali syngur í íslenskum kór. Svona fjölskrúðugt menningarsamfélag verður til vegna gagnkvæmrar virðingar og skilnings og vilja til að læra af hvert öðru.

Samkvæmt rannsókn sem Sousa gerði hefur það jákvæð áhrif á sjálfsmynd nemenda og menningarvitund ef nemendur fá kennslu í tónlist frá þeim heimalöndum sem nemendur koma frá. Rannsóknin var framkvæmd í tveimur skólum í Portúgal þar sem nemendur komu aðallega frá Portúgal og Grænhöfðaeypjum. Áður en rannsóknin hófst sýndu niðurstöður úr spurningakönnun að nemendur frá Grænhöfðaeypjum höfðu lágt sjálfsmat og

litla vitund um sína eigin menningu. Portúgölsku nemendur voru fyrir rannsókn með herra sjálfsmat og meiri menningavitund. Bæði Portúgalar og nemendur frá Grænhöfðaejnum sýndu lítinn áhuga á menningu hinna. Rannsóknin var gerð á 18 vikum með nemendahópum úr tveimur skólum. Í öðrum skólanum var engin breyting á kennsluháttum en í hinum skólanum var kennd tónlist og dans frá báðum löndunum. Í skólanum þar sem nemendur fengu fræðslu um menningu beggja landa sýndi að sambandið batnaði til muna á milli hópanna, nemendur sýndu betri skilning á menningu hinna og sjálfsmat nemenda frá Grænhöfðaejnum jókst til muna. (Sousa & Neto, 2003).

Í rannsókn Þórodds Bjarnasonar, við Háskólann á Akureyri sem gerð var og fjallar um félagslega stöðu nemenda í 10. bekk af íslenskum og erlendum uppruna kemur fram nemendur sem áttu annað eða báða foreldra af erlendum uppruna höfðu töluvert lægra sjálfsmat en nemendur sem áttu báða foreldra af íslenskum uppruna. Erlendu nemendurnir voru mun líklegri að fá þunglyndi, lenda í einelti og áttu erfitt með að skilgreina menningavitund sína og mun líklegri til að halda ekki áfram námi eftir grunnskólann. (Þóroddur Bjarnason, 2008). Margar ástæður eru fyrir þessum mikla mun, en ein leið til að draga úr honum er að efla menningavitund nemendanna og þannig auka sjálfstraust þeirra.

4. Lokaorð

Ég tel afar mikilvægt í fjölmenningsarsamfélagi að kenna nemendum okkar um ólíka menningu. Ég vonast að með þessari kennslubók geti ég lagt mitt á vogarskálarnar að auðvelda öðrum tónmenntakennurum að takast á við að kenna tónlist frá öðrum löndum. Ég held að öll börn hafi áhuga á og vilji kynnst þótt þau komi frá ólíkum menningarheimum. Með því að gefa börnunum tækifæri að upplifa tónlist og hefðir frá öðrum löndum, þá opnast tækifæri til að hafa opna umræður um hvað er líkt og hvað er ólíkt með fólki.

Í rannsókn Þórodds Bjarnasonar kom fram að börn sem eru að erlendu bergi brotin eiga erfðara með að fóta sig í skólakerfinu hér á Íslandi en íslensku börnin. Þau eru tvöfalt líklegri til að verða fyrir einelti en íslensku börnin og eiga erfðara með að skilgreina sjálfsmýnd sína. (Þóroddur Bjarnason, 2008). Ég tel að megi aðstoða þessi börn með sjálfsmýnd sína og að draga megi úr einelti með meiri fjölmenningsakennslu í skólakerfinu.

5. Heimildaskrá

- Alferes Pereira, A. A. (janúar 2010). Portúgölsk tónlist. (V. H. Rodrigues Eugenio, Spyrill)
- Anh-Dao Tran. (mars 2010). Fjölmennningarhyggja og siðareglur kennara. *Skólavarðan* 2. tbl. 10. árg, bls. 12.
- Brito, M. C., & Cymbron, L. (1992). *História Da Música Portuguesa*. Lissabon: Universidade Aberta.
- Campbell, P. S. (Maí 1992). *Cultural Consciousness in Teaching General Music*. Sótt 26. janúar 2010 frá heimasíðu JSTOR: <http://www.jstor.org/pss/3398427>
- Campbell, P. S. (2008). *Musician & Teacher; An orientation to Music Education*. New York: W.W.Norton & Company.
- Galundaina, G. *Ao vivo: 10 anos de música tradicional mirandesas*. Teatro Municipal de Bragança, Bragança.
- Marceneiro, A., Duarte, A., & Duarte, V. *3 Gerações do Fado*. RTP Videos, Lissabon.
- Menntamálaráðuneytið. (2007). *Aðalnámskrá grunnskóla - listgreinar*. Sótt 5. mars 2010 frá heimasíðu Menntamálaráðuneytis: http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra-grsk_listgreinar.pdf
- Menntamálaráðuneytið. (2006). *Aðalnámskrá grunnskólans - almennur hluti*. Sótt 6. mars 2010 frá heimasíðu Menntamálaráðuneytis: http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/agalmennurhluti_2006.pdf
- Sousa, M. d., & Neto, F. (2003). *A educação intercultural através da música: Contributos para a redução do preconceito*. Canelas: Cailivro.
- Þóroddur Bjarnason. (2008). *Heimasíða Félagsmálaráðuneytis*. Sótt 1. apríl 2010 frá heimasíðu Félagsmálaráðuneytis: http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/innfl/Thorodduur_bjarnason.pdf